

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 52

14. janúar 1999

SAMPYKKT

fyrir **Veiðifélag Laxár og Krákár.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Laxár og Krákár. Heimili þess og varnarþing er Skútustaðir, Skútustaðahreppi.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, frá stíflu Laxárvirkjunar 2 að mörkum Laxár og Mývatns, ásamt Arnarvatnsá, Arnarvatni, Helluvaðsá, Gautlandalæk og Kráká. Mörk Laxár og Mývatns skv. yfirmatsgerð 22. september 1975 eru: Í fyrsta lagi við Geirastaðakvísl við Óshóla, í öðru lagi um Mjó-sund. Jarðirnar eru: Presthvammur, Kasthvammur, Árhvammur, Hólar, Árhólar, Hamar, Hofstaðir, Nónbjarg, Geirastaðir, Haganes, Arnarvatn I, II, III og IV, Litlaströnd, Baldursheimur I og II, Þórólfsvoll, Heiði, Bjarnastaðir, Gautlönd I og II, Helluvað I og II, Laxárbakki, Brettingsstaðir, Ljósstaðir, Auðnir, Þverá, Halldórsstaðir I, II, III og IV, Birningsstaðir, Brúar, Hvoll, Staðarhóll, Grenjaðarstaður, Búvellir, Aðalból, Álftagerði I, II, III og IV, Skútustaðir I, II og III og Grænavatn I, II, III og IV.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið. Stjórn félagsins kýs varaformann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem henta þykir.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í mars eða apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari falla undir réttarfars- og refsíákvæði gildandi laga um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

8. janúar 1999

Nr. 53

REGLUR

um breytingu á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 348/1996.

1. gr.

Við 2. gr. bætist eftirfarandi skilgreining:

Samningsbundin skuldajöfnun (e. contractual netting): Samningur milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga eina eða fleiri kröfur hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu sérstaklega, skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins nettómismunur (*jaðargreiðsla*) komi til uppgjörs og greiðslu.

2. gr.

1. ml. undir *Aðferð 1 (markaðsvirði)* í 1. mgr. 14. gr. hljóði svo:

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamninga reiknað út með því að leggja saman endurnýjunarkostnað afleiðusamninga með jákvætt gildi annars vegar og framtíðaráhættu afleiðusamninga hins vegar. Þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi í einum gjaldmiðli er eingöngu reiknaður endurnýjunarkostnaður en ekki framtíðaráhætta við útreikning á útlánaígildi.

3. gr.

Við 14. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar, sem verða 3.-5. mgr. og hljóði svo:

Við útreikning á eiginfjárlutfalli er lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, heimilt að taka tillit til samningsbundinnar skuldajöfnunar vegna samninga sem taldir eru upp í 16. gr.